AKURHOLT 1




## BYGGINGARLÝSING 4. ÁFANGA

**BURÐARVIRKI**
Innspenntar steyptar súlur, límtrésbitar, límtréssúlur, staðsteyptir veggir.

**EINANGRUN**
Grunnplata er einangruð að neðan með 75mm steinull og sökklar að utan með 75mm steinull.
Útveggir eru einangraðir að innan með 100mm steinull.
Þak er einangrað með 200mm steinull.

**FRÁGANGUR AÐ UTAN**
Útveggir eru úr forsteyptum einingum með marmarasalla.
Í útveggjaeiningum er glerjað í stein en annars eru gluggar og útihurðir úr viði.
Í gluggum er K-gler og hitastöðvandi gler á suðurhlið hússins og í þakgluggum.
Þak er með bárujárni, hvítmáluðu.

**FRÁGANGUR AÐ INNAN**
Gólf eru almennt með heilsoðnum linoleumdúk. Flísar eru á anddyri og aðalsnyrtingum.
Steyptir innveggir eru heilsparslaðir og málaðir.
Léttir innveggir eru með stáluppistöðum, fylltir með steinull og klæddir með máluðum gifsplötum. Á veggjum í aðalsnyrtiherbergjum eru steinflísar.
Innihurðir eru sprautulakkaðar.

**LOFTRÆSTING**
Vélrænt útsog er frá snyrtingum, eldhúsi og öðrum lokuðum rýmum.
Loftinntök fyrir ferskloft á deildum eru um ventla eða ristar á útvegg.
Vélræn innblástur er í fjölnotarými. Opnanlegir gluggar eru í öllum vinnu og dvalarrýmum.

Í rýmum sem liggja að útveggjum er náttúruleg loft- ræsing um opnanlega glugga. Vélræn loftræsing er í kennslustofum og öllum gluggalausum rýmum.
Loftræsilagnir eru yfir hengiloftum í stokkum og sýnilegar

**HITA- VATNS- OG FRÁRENNSLISKERFI**
Grunnhitun húss er að stofni til með hefðbundnu ofnakerfi. Gert er ráð fyrir stofnlögnum að 4. áfanga fyrir vatn til upphitunar yfir niðurteknu lofti í kjallara. Stofnlagnir fyrir hitakerfið eru yfir niðurteknu lofti í kjallara fyrir báðar hæðirnar og þaðan lagðar að útvegg í gegnum létta veggi og síðan sýnilegar með útveggjum. Sýnilegar hitalagnir verða þunnveggja stállagnir með plastkápu, "Press fittings" en aðrar hitalagnir hefðbundnar svartar stállagnir.
Frárennslislagnir verða teknar "beinustu" leið niður í sökkul og þaðan "beinustu" leið undan sökkli án þess að ganga um of á markmiðið um að lágmarka lengd lagna.
Neysluvatn verður tekið sömu leið úr 3. áfanga um niðurtekið loft í kjallara og greinast þaðan í önnur rými hússins. Megin hluti neysluvatnslagna verða grænar plastlagnir en sýnilegar neysluvatnslagnir ryðfríar stállagnir "Press fittings".

**RAFLAGNIR**
Stofn að 4. áfanga verður tekinn frá núverandi aðaltöflu. Lagður verður strengur í strengstiga í lagnakjallara í 1. og 2. áfanga en í 3. áfanga verður hann lagður í kerfislofti að 4. áfanga. Strengstigar verða lagðir fyrir ofan niðurtekin loft í göngum til að fæða kennslustofur. Að öðru leyti verða lögð rör í lagnagrind að öllum dósum hvers rýmis

## BRUNAVARNIR FYRIR ALLT HÚSIÐ

Húsinu er skipt í 6 brunasamstæður. 1. og 2. áfangi eru 4 brunasamstæður, miðhluti og 3. álmur út frá honum. 3. og 4. áfangi eru hvor um sig sérstök brunasamstæða.
Allar vegg og loftklæðningar eru í flokki 1.
Veggir milli kennslurýma eru E160 með E30 gleri og EI-CS30 hurðum. Bunahólfandi hurðir milli byggingarhluta eru á segulrofum og lokast við boð frá brunaviðvörunarkerfi. Í húsinu er útgöngu og neyðarlýsing og sjálf-virkt brunaviðvörunarkerfi, ÍST WN 54. Brunaslöngur eru í hverri brunasamstæðu. Slökkvibúnað skal setja upp í samræmi við eldvarnareftirlit Hafnarfjarðar.

## BYGGINGARLÝSING FYRRI ÁFANGA

**EFNISVAL**

Burðarvirki
Innspenntar steyptar súlur, límtrésbitar, límtréssúlur, steyptir veggir.

Útveggir
Forsteyptar einingar, einangrað og klætt að innan.

Gluggar og útihurðir
Glerjað í stein, trégluggar og hurðir.

Þök
Léttbyggð þök klædd lituðu bárujárni, einangruð með steinull.

Innveggir
Kerfisveggir, stáluppistöður, glerull/steinull, gifsplötur, vírgler.
Sumir innveggir eru ekki með glerull/steinull.

| ÁFANGI | HÆÐ | FLATARMÁL | RÚMMÁL |
|---|---|---|---|
| 1. OG 2. ÁFANGI | KJALLARI<br>1.HÆÐ | 74 m²<br>3410 m² | 14352 m³ |
| SAMTALS | | 3484 m² | 14352 m³ |
| 3. ÁFANGI | KJALLARI<br>1.HÆÐ | 350 m²<br>521 m² | 3276 m³ |
| SAMTALS | | 871 m² | 3276 m³ |
| 4. ÁFANGI | KJALLARI<br>1.HÆÐ | 798,4 m²<br>763,5 m² | 6109,8 m³ |
| SAMTALS | | 1561,9 m² | 6109,8 m³ |
| SAMTALS ALLIR ÁFANGAR | | 5916,9 m² | 23737,8 m³ |

| DAGS | | BREYTING | SAMÞ |
|---|---|---|---|
| 25.06/04 | A | 4. ÁFANGA BÆTT VIÐ | |
| | B | | |
| | C | | |
| | D | | |
| | E | | |

TEIKNINGARHEITI: AFSTÖÐUMYND

HVALEYRARSKÓLI

| MÆLIKVARÐI | TEIKNAÐ | VERKNR | TEIKNINGARNR | BR |
|---|---|---|---|---|
| 1:500 | 22. II 96 | 324 | 101 | A |

**ARKITEKTASTOFAN**
ORMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON ÖRNÓLFUR HALL
BORGARTÚN 17 105 REYKJAVÍK SÍMI 26833

Fnhi 6645634